



BLESSUN

EFTIRSPIL

Spiegel im Spiegel
e. Arvo Pärt

Jarðsett verður í Laxárkirkjugarði

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Hrafnkell Karlsson
Kór: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Albert Eymundsson

Aðstandendur þakka auðsýndan hlýhug og vináttu og býður kirkjugestum að þiggja veitingar í Mánagarði að athöfn lokinni.



Svarðlaug Helga



Sigþór Hermannsson



Fæddur 15. júní 1938
Dáinn 5. febrúar 2025

Útför frá Hafnarkirkju
Þriðjudaginn 18. febrúar 2025

FORSPIL

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson

BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vina skilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi
gláðir vér megum
þér síðar fylgja í friðarskaut.

Texti Valdimar Briem / Lag: Þjóðlag frá Slésíu

RITNINGARLESTUR

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við yztu hafsbrún sefur sól
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær
og bjarma' á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstin börnin fá
þá beztu gjöf, sem lífið á.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð
og friður drottins yfir jörð.

Þorvaldur Blöndal - Davíð Stefánsson

GUÐSPJALL

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hljóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi dýrðin í geim,
bera' af dásemdum þeim
sem vor draumfagri jarðheimur á.

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borg
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Texti: Friðrik Aðalsteinn Friðriksson / Lag: erlent lag

MINNINGARORÐ

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Bjarni Þorsteinsson - Sigurður Jónsson

BÆN

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt er áttu' í vonum
og allt er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði
þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu best.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og bíða,
þá blessun Guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér
sem hagsæld minni hnekkir
og hvað mér gagnlegt er
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína
úr skjýjum sólin blíð.

Texti: Björn Halldórsson / Lag: Michael Haydn 1774

FADIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson